



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins - Bílatalningar í Skerjafirði (US200060).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. mars sl., var eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

Íbúar í Skerjafirði urðu varir við grunsamlega bílaumferð í hverfinu 24. og 25. febrúar s.l. Þegar betur var að gáð þá kom í ljós að þarna voru á ferð 2 bílar merktir Reykjavíkurborg að telja bíla inn og út úr hverfinu og því er spurt hvers vegna er verið að telja bíla í Skerjafirði? Er það vegna fyrirhugaðs nýs hverfis? Hvers vegna eru valdir dagar til að telja bíla þegar verkfall Eflingar stendur yfir og t.d. allir leikskólar lokaðir? Má ekki líkja þessu við persónunjósnir? Á Reykjavík ekki tæki sem telja bíla?

Reykjavíkurborg lét framkvæma umferðartalningu á gatnamótum Suðurgötu og Þorragötu í Skerjafirði dagana 24. og 25. febrúar sl. í tengslum við mælingar á flæði umferðar í nágrenni háskólasvæðisins. Talningin var skipulögð með löngum fyrirvara og framkvæmd á annatíma, milli kl. 7 - 10 og 15.30 - 18.30. Líkt og bent er á í fyrirspurn kann að vera að verkfall hafi haft áhrif á mælingarnar og því er stefnt að því að endurtaka þær síðar, til að sjá hvort verkfallið hafi haft teljandi áhrif á umferðina.

Bæði Reykjavíkurborg og verktakar á vegum borgarinnar búa yfir búnaði til að telja bifreiðar. Við vissar aðstæður er þó bæði ódýrara og hentugra að beita handvirkri talningu, svo sem þar sem gatnamót henta ekki fyrir uppsetningu sjálfvirks búnaðar. Handtalningar hafa verið framkvæmdar reglulega í marga áratugi og reynst bæði skilvirkar, nákvæmar og góð viðbót við sjálfvirkar talningar. Sambærilegar handtalningar eru framkvæmdar yfir allan veturinn, gjarnan á gatnamótum þar sem vantar tölur eða nauðsynlegt er að endurnýja upplýsingar um umferðarflæði.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri

